

Húnavatnshreppur
Þorgils Magnússon
Húnavellir
541 Blönduós

Reykjavík 15. febrúar 2021
UST202102-131/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010 - 2022 – Gangnamannaskáli- Gedduhöfði

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Húnavatnshrepps er barst 8. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010 – 2022 vegna gangnamannaskála við Gedduhöfða á Grímstunguheiði.

Í greinargerð kemur fram að viðfangsefni breytingarinnar er að skilgreina nýtt verslunar- og þjónustusvæði (V20) við Gedduhöfða á Grímstunguheiði, þar sem gert er ráð fyrir um 500 m² gangnamannskála, um 300 m² hesthús, rafstöð, vatnsból og rotþró. Auk þess kemur fram að nýr gagnamannaskáli mun þjóna gangnamönnum, en gæti einnig nýst breiðari hópi svo sem ferðamönnum.

Forsendur og ferðamenn

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi ferðamanna sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar og hversu margir ferðamenn geti dvalið í skálanum á hverjum tíma.

Óbyggð víðerni

Í 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, þar sem fjallað er um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni, segir í e. lið. 1. mgr: „*Til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.*“

Samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013 eru óbyggð víðerni skilgreind sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð, eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver stefna sveitarfélagsins er varðandi verndun óbyggðra víðerna í sveitarfélaginu og áhrif tillögunnar á óbyggð víðerni.

Vistgerðir og fuglalíf

Í greinargerð kemur fram að á skipulagssvæðinu eru vistgerðir sem hafa mjög hátt verndargildi og svæðið sé skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist og víðikjarrvist sem eru með mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í greinargerð kemur fram að innan skipulagssvæðisins er votlendi. Umhverfisstofnun bendir á að votlendi sem er 2 ha. að stærð eða stærra fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, en hægt er að sjá útbreiðslu votlendisins sem fellur undir greinina á kortasjá NÍ <https://serstokvernd.ni.is/>

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufrýrbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að ef að skipulagssvæðið nær til votlendis sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga er mikilvægt að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Ásýnd og rask

Þar sem tillagan gerir ráð fyrir töluverðum framkvæmdum á óröskuðu landi er mikilvægt að halda raski í lágmarki.


Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er. Í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landsskipulagsstefnu segir að mikilvægt sé að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því að oft sést vítt yfir til sveita.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verkmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllt



Björn Stefánsson
sérfræðingur